

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 12. mars 2019
UST201902-176/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag - breyting - Brúnir 1- Rangárþingi eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings eystra, á 1,6 ha svæði úr landi Brúna við vegamót Suðurlandsvegjar og Landeyjarhafnarvegjar. Eins og fram kemur í upphafi umhverfisskýrslu sem fylgir erindinu, er áætlað að landnotkunin fari úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu. Áætlaðar framkvæmdir flokkast í flokk B sem þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn á verndarsvæði á láglandi utan þéttbýlis. Framkvæmdir í flokki B eru skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að fyrirhugað er að á svæðinu rísi einnar hæðar um 115 m² þjónustumiðstöð ásamt bílastæðum og leiksvæði. Í þjónustumiðstöðinni er áætlað að verði salerni og losun salernisúrgangs, sorpgámar og hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla.

Náttúruminjar

Í lýsingu var framkvæmdasvæðið áætlað 4 ha. Umhverfisstofnun benti á í umsögn um lýsingu að áætlað framkvæmdasvæði væri á svæði á náttúruminjaskrá nr. 719 Tjarnir og Tjarnarnes, en á svæðinu er mólendi og votlendi og þar er mikið fuglavarþ. Áætlað framkvæmdasvæði hefur verið minnkað og er nú áætlað sem 1,6 ha rein meðfram Landeyjarhafnarvegi. Umhverfisstofnun telur til bóta að framkvæmdasvæðið hefur verið minnkað, og mun röskun því ná yfir minna svæði en áður var áætlað. Í tillögunni kemur fram að Vegagerðin hefur nýtt svæðið sem framkvæmdir eru áætlaðar á, og er þar bílastæði, þannig að hluti þess er þegar raskað. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að þess verði gætt að röskun verði ekki utan 1,6 ha svæðisins.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir að nú þegar er hávaða-, ryk og loftmengun af mikilli umferð um Landeyjarhafnarveg. Að mati stofnunarinnar eru það aðallega sjónræn áhrif og breyting á ásynd svæðisins sem munu hafa áhrif á nærliggjandi svæði við uppbygginguna. Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að allar framkvæmdir

verði felldar vel að landi og allt gert til að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun tekur undir að áhersla verður lögð á að sem minnst umhverfisrask verði af framkvæmdum.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur jákvætt að áætlað framkvæmdasvæði sem var 4 ha í lýsingu hefur verið minnkað í 1,6 ha. Framkvæmdasvæði er nú áætlað 230 m löng og 70 m breið spilda meðfram Landeyjarhafnarvegi.

Einnig telur stofnunin jákvætt að ofangreint framkvæmdasvæði er talið að muni létta á viðkvæmum svæðum s.s. við Hamragarða og Seljalandsfoss hvað varðar þjónustuþörf ferðamanna.

Ofangreint framkvæmdasvæði er á svæði sem er á náttúruminjaskrá og nýtur hverfisverndar og því er afar mikilvægt að forðast verði allt óþarfa rask á framkvæmdatíma og að allar framkvæmdir verði felldar að umhverfinu til að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rake S Kristjansdóttir
Sérfræðingur